



## KEPPNISREGLUR

### Klaustur / 6 tímar TransAtlantic Off-Road Challenge

#### 1. Almennt:

- 1.1. Keppnishaldari er Vélhjólaiþróttaklúbburinn VÍK í samvinnu við MSÍ
- 1.2. Keppnin telur ekki stig til Íslandsmeistara.
- 1.3. Þar sem þessar reglur ná ekki til gilda aðrar reglur MSÍ og FIM.
- 1.4. Allir keppendur skulu vera meðlimir í akstursíþróttafélagi innan vébanda MSÍ
- 1.5. Það er ábyrgð keppanda að keppnishjól sé skráð og tryggt eins og reglur MSÍ segja til um.
- 1.6. Keppandi skal skrá sig á auglýstum skráningartíma samkvæmt nánari fyrirælu sem verður auglýst á [www.msisport.is](http://www.msisport.is) og [www.motocross.is](http://www.motocross.is)
- 1.7. Hámarksfjöldi keppanda er 400. Keppnishaldari áskilur sér rétt til að hafna skráningu einstaklings / keppnislíðs ef skráning hefur borist eftir að hámarksfjöldi er náð og mun þá keppnisgjald verða endurgreitt.
- 1.8. Keppnisstjórn úthlutar keppendum keppnisnúmer fyrir keppnina og skaffar 3x prentað númer á hvert hjól.
- 1.9. Það er á ábyrgð keppanda að rétt keppnisnúmer hafi verið límd á viðkomandi keppnishjól á framhlið og hliðar hjólsins þegar komið er til skoðunar. Keppandi sem er ekki með þetta í lagi þegar komið er til skoðunar fær refsingu gult spjald.
- 1.10. Allur akstur mótörhjóra annara en keppanda og sérmerktra starfsmanna er bönnuð á svæðinu.
- 1.11. Allur akstur á barnahjólum er STRANGLEGA BANNADUR nema á þar til gerðri braut. Eingöngu börn undir 12 ára aldri mega aka þar undir eftirliti foreldris og eða forráðamanns.
- 1.12. Pittsvæði og aðstoðarmenn eru á ábyrgð keppanda, ganga ber vel um svæðið og skal hreinsa upp allt rusl sem til fellur hjá viðkomandi keppendum.
- 1.13. Keppnisstjórn áskilur sér rétt til að takmarka bílafjölda að keppnissvæði (Pitt).
- 1.14. Keppnisstjóri og eða starfsmenn keppnisstjórnar geta refsað keppanda / keppnislíði sem fer ekki eftir reglum keppinnar, og eða gengur ekki frá rusli og öðru sem til fellur í kringum sitt pittsvæði.
- 1.15. Keppendur / keppnislíð skulu ganga vel um pittsvæði allt frá komu á svæðið og koma upp ruslapokum / ruslatunnum. Í lok dags skulu keppendur / keppnislíð ganga frá rusli í merktan ruslagám við svæðið.
- 1.16. Hvert keppnislíð eða "Járnkarl" fær afhenta tímatökubólu við skoðun og bera ábyrgð á henni á meðan keppni stendur. Eingöngu skal nota tímatökubólu við skráningu hvers hringis í tímatökukerfi.
- 1.17. Líðsfélagar afhenda tímatökubólu sín á milli á pittsvæði án utanaðkomandi aðstoðar. Ef keppandi hefur ekki skilað sér í mark innan 30 mín. frá því að hann lagði af stað er líðsfélagi heimilt að keyra á eftir honum keppnisbrautina og taka við tímatökubólu hjá honum ef hann hefur stoppað í brautinni vegna óhapps eða bílana.
- 1.18. Keppandi / líðsfélagi ásamt keppnishjóli skal koma með tímatökubólu í tímatökuhlið, ekki er heimilt að senda tímatökubólu með starfsmanni eða áhorfendum á pittsvæði.
- 1.19. Keppandi sem sleppir hliði hlýtur 10 mín. refsingu í formi "vítis" og gult spjald og mun honum eða keppnisfélagi hans tilkynnt það af keppnisstjórn. Keppandi / líð sem sleppir hliði í annað sinn hlýtur 10 mín. refsingu refsingu í formi "vítis" og gult spjald og mun honum eða keppnisfélagi hans tilkynnt það af keppnisstjórn. Keppandi / líð sem sleppir hliði í þriðja sinn fær rautt spjald og verður vísað úr keppni og mun tilkynnt það af keppnisstjórn. Öll aðstoð og eða þjónusta í "vítis" er bönnuð og skal keppandi og keppnishjól bíða þar til tíminn er liðinn.
- 1.20. Keppendum er ekki heimilt að klæðast vestum eða fatnaði í skærum lit sem líkast fatnaði brautarstarfsmanna.



Tvö tjaldstaði verða á Ásgarði, eitt við keppnissvæðið og hitt sunnan við veginn. Salemisaðstaða verður á báðum stöðum en ekki rafmagn. Vinsamlega gangið snyrtilega um og takið allt rusl með ykkur.



- 1.21. Keppandi sem sýnir áf sér óíþróttamannslega framkomu gagnvart keppnisstjórn og eða öðrum keppendum hlýtur refsingu gult spjald og eða rautt spjald (brottvísun úr keppni) eftir ákvörðun keppnisstjórnar.
- 1.22. Ákvarðanir keppnisstjórnar eru endanlegar og ekki er hægt að leggja fram kæru gegn þeim.

## 2. Keppnisflokkar:

### 2.1. Tvímenninngur:

Keppnisfyrirkomulag: 2 keppendur, mega nota 1 eða 2 keppnishjól.  
Keppnisnúmer: Bakgrunnur er hvítur / svartir stafir.  
Vélarstærðir: 122 – 650cc vélar 2T / 4T.  
Dekkjastærð: Afturdekk: 18-19" tommur – Framdekk: 21" tommur  
Aldur: Frá fjórtán (14) ára aldri (miðað við afmælisdag)  
Verðlaun: 1. 2. og 3. sæti

### 2.2. Járnkarlinn:

Keppnisfyrirkomulag: 1 keppandi, má nota 1 eða 2 keppnishjól.  
Keppnisnúmer: Bakgrunnur er grænn / hvítir stafir.  
Vélarstærðir: 122 – 650cc vélar 2T / 4T.  
Dekkjastærð: Afturdekk: 18-19" tommur – Framdekk: 21" tommur  
Aldur: Frá fjórtán (14) ára aldri (miðað við afmælisdag)  
Verðlaun: 1. 2. og 3. sæti  
(Veitt verða sérverðlaun fyrir 1. sæti innan flokksins fyrir "Járnkonuna")

### 2.3. Kvennaflokkur:

Keppnisfyrirkomulag: 2-3 keppendur, mega nota 1, 2 eða 3 keppnishjól.  
Keppnisnúmer: Bakgrunnur er blár / hvítir stafir.  
Vélarstærðir: 122 – 650cc vélar 2T / 4T.  
Dekkjastærð: Afturdekk: 18-19" tommur – Framdekk: 21" tommur  
Aldur: Frá fjórtán (14) ára aldri (miðað við afmælisdag)  
Verðlaun: 1. 2. og 3. sæti

### 2.4. Afkvæma flokkur:

Keppnisfyrirkomulag: 2 keppendur, mega nota 1 eða 2 keppnishjól.  
Keppnisnúmer: Bakgrunnur er svartur / hvítir stafir.  
Vélarstærðir: 122 – 650cc vélar 2T / 4T.  
Dekkjastærð: Afturdekk: 18-19" tommur – Framdekk: 21" tommur  
Aldur: Frá fjórtán (14) ára aldri (miðað við afmælisdag)  
Verðlaun: 1. sæti.

### 2.5. 90+ flokkur:

Keppnisfyrirkomulag: 2 keppendur, mega nota 1 eða 2 keppnishjól.  
Keppnisnúmer: Bakgrunnur er svartur / hvítir stafir.  
Vélarstærðir: 122 – 650cc vélar 2T / 4T.  
Dekkjastærð: Afturdekk: 18-19" tommur – Framdekk: 21" tommur  
Aldur: Frá þrjátíu og fimm (35) ára aldursári. Samanlagður aldur keppanda skal vera 90+ ár.  
Verðlaun: 1. sæti.

### 2.6. Þrímenninngur:

Keppnisfyrirkomulag: 3 keppendur, mega nota 1, 2 eða 3 keppnishjól.  
Keppnisnúmer: Bakgrunnur er rauður / hvítir stafir.  
Vélarstærðir: 122 – 650cc vélar 2T / 4T.  
Dekkjastærð: Afturdekk: 18-19" tommur – Framdekk: 21" tommur  
Aldur: Frá fjórtán (14) ára aldri (miðað við afmælisdag)  
Verðlaun: 1. 2. og 3. sæti

Annað: Visað er í reglugerð 507/2007 vegna aldurstakmarkanna.

Sjá: [http://msisport.is/content/files/public/reglur/B\\_nr\\_507\\_2007.pdf](http://msisport.is/content/files/public/reglur/B_nr_507_2007.pdf)

ATH: Þrímenninngur getur ekki unnið til verðlauna í 3 efstu sætum yfir heildina. Þrímenninngur er hugsaður sem flokkur fyrir þá sem eru óreyndari (skemmtiskokk).

## 3. Keppnisdagskrá:

Allir keppendur eru ræstir af stað kl. 12:00 í hópstarti og er flaggað út kl. 18:00  
Keppnisstjórn áskilur sér rétt til að raða keppendum að hluta til á ráslínu.  
Keppendur í sama flokki raðast á sömu ráslínu og sér keppnisstjórn um að raða keppendum á ráslínu.

## 4. Refsingar:

- 4.1. Viðmið um hegðun og agaviðurlög á keppnisstað samkvæmt reglum MSÍ.

Hegðun: Spjald / refsing: Keppandi sýnir óíþróttamannslega hegðun:	Gult eða rautt eftir atvikum
Brot á keppnisreglum:	Gult eða rautt eftir atvikum
Merkingum eða öryggisbúnaði áfátt:	Gult
Keppandi verður uppvís að blekkingum eða tilraun til blekkinga varðandi skráningu, tryggingar eða gerð ökutækis:	Rautt

Stjórn MSÍ / VÍK  
Reykjavík. 5. mars. 2011  
[www.msisport.is](http://www.msisport.is)  
[www.motocross.is](http://www.motocross.is)





## Pittsvæði

Öll umferð vélknúinna farartækja, annarra en keppenda og merktra starfsmanna, er bönnuð bæði laugar- og sunnudag. Á keppnisdegi eru keppendur beðnir að aka um í fyrsta gir um skiptisvæði og pittsvæði.


Vinsamlega gangið vel um svæðið og skiljið ekki eftir rusl.

## Skoðun og skráning

1. Skoðun á hjóli og hjálmi. Keppandi fær skoðunarlimmiða á hjólið. ATH! dautt á mótör.

2. Skráning í þjónustutjaldi (við Systrakaffi á laugad.), mæta með þáttökuyfirlýsingu, staðfestingu á að hjólið sé skráð/tryggt, félagsskirteini eða staðfesting á félagsgjöldum. Seinni/síðasti keppandi hvers liðs sem gengur frá skráningu fær afhenta/skráða tímatökubóluna.

ATH! Bólan kostar kr. 1.000 kr. og er hægt að nota framvegis í öðrum keppnum.





# Sigurveggarar Offroad Challenge frá upphafi

## Einstaklingskeppni

- 2002 Haukur Þorsteinsson
- 2003 Bragi Óskarsson
- 2004 Sölvi Árnason
- 2005 Jóhann Ögri Elvarsson
- 2006 Baldur Þór Davíðsson
- 2007 Jónas Stefánsson
- 2008 Árni Gunnarsson
- 2009 Orri Pétursson
- 2010 Anton Freyr Birgisson

## Tvímenningskeppni

- 2002 Helgi Valur Georgsson og Einar Sigurðason
- 2003 James Marsh og Viggó Viggósson
- 2004 David Knight og Ed Jones
- 2005 Anders Erikson og Tony Marshall
- 2006 Micke Frisk og Mats Nilson
- 2007 Markus Olsen og Robert Forsell
- 2008 Ágúst og Björgvin
- 2009 Markus Olsen og Jónas Stefánsson
- 2010 Einar S. Sigurðarson og Gunnar Sigurðsson

### Opnunartímar

Laug 9-22  
Sun 7:00-22  
Mán 9-22



Meira í leiðinni

### Sundlaugin

Opnunartímar  
Laug 11-17  
Sun 10-21  
Mán 11-17



### Opnunartími

Alla daga 09:00-20:00